

Úrskurðarorð:

Bú Regio h/f er tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

Mánudaginn 16. desember 1974.

Nr. 26/1974: **Ingibjörn Steingrímsson og
Samvinnutryggingar**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Júlíusi Friðriki Magnússyni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómenður:
hæstaréttardómararnir **Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og
Logi Einarsson.**

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 31. janúar 1974. Krefjast þeir þess, að þeim verði aðeins dæmt að greiða stefnda kr. 27.400.70 auk 7% ársvaxta frá 5. júlí 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, meðal annars myndir af vettvangi og bréf frá skrifstofu bæjarverkfræðingsins á Akureyri, dags. 23. september 1974, þar sem segir, að vegur sá, sem áreksturinn varð á, teljist opinber vegur og sjái Akureyrarkaupstaður um viðhald hans.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Ingibjörn Steingrímsson og Samvinnu-tryggingar, greiði stefnda, Júlíusi Friðriki Magnússyni, kr. 20.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 21. desember 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 4. desember s.l., hefur Júlíus Friðrik Magnússon verkamaður, Sunnuhvoli, Akureyri, höfðað hér fyrir bæjarþingi með stefnu, útgefinni 10. apríl 1973, á hendur Ingibirni Steingrímssyni, Löngumýri 1, Akureyri, og Samvinnu-tryggingum g/t, Reykjavík, til greiðslu tjónbóta.

Í stefnu og greinaregrð gerir stefnandi þær kröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 88.402.00 auk 7% ársvaxta frá 5. júlí 1972 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi vaxtakröfu sinni í 7% p. a. til 16. maí 1973 og 9% p. a. frá þeim degi til greiðsludags, og var breyting þessi samþykkt af stefndu. Þá lækkaði hann einnig kröfu sína í kr. 82.202.00.

Stefndu gera þær kröfur að krafa stefnanda verði stórlækkuð að mati dómara og að stefndu verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 5. júlí 1972 varð árekstur á nafnlausum vegi, sem liggur frá Hörgárbraut á Akureyri og vestur að nokkrum húsum, þ. á m. Sunnuhvoli. Rákust þarna saman bifreiðarnar A 3569, sem stefnandi ók, eign ökumanns, og A 2356, sem stefndi Ingibjörn ók, eign ökumanns.

Talsverðar skemmdir urðu á bifreiðunum, og nam viðgerðar-kostnaður á bifreið stefnanda kr. 67.202.00 að hans sögn.

Samkvæmt gögnum málsins varð áreksturinn með þeim hætti,

að stefndi Ingibjörn ók norður Hörgárbraut og sveigði síðan vestur á nefndan veg, þar sem bifreið hans rakst framan á bifreið stefnanda, er skammt var komið inn á veginn, en stefnandi hafði ekið bifreið sinni austur veginn frá Sunnuhvoli, og var ferðinni heitið út á Hörgárbraut, sem er aðalbraut.

Heldur stefnandi því fram, að árekstur þessi hafi orðið með þeim hætti, að stefndi, ökumaður A 2356, beri fébótaábyrgð gagnvart sér. Í fyrsta lagi hafi bifreið stefnanda verið kyrrstæð og stefndi ekið viðstöðulaust á hana. Þá hafi stefndi Ingibjörn viðurkennt að hafa eigi sýnt nægilega aðgát, þar sem hann hafi ekki séð bifreið stefnanda, fyrr en hann sveigði inn á veginn. Enn fremur sé í ljós leitt, að ganghraðaskipting og bensínfetill bifreiðarinnar A 2356 hafi verið í ólagi. Valdi öll framangreind atriði því, að ökumaður A 2356 beri fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefndu halda því fram, að stefnandi hafi átt meginsök á árekstrinum, og byggja dómkröfur sínar á því. Rökstyðja stefndu kröfu sína þannig, að bifreið stefnanda hafi verið ranglega staðsett á veginum, megi ráða það af vettvangsupprætti lögreglunnar.

Stefnanda hafi borið að hafa bifreið sína á réttum vegarhelmingi, ekki síst eins og á stóð, þar sem vegur var mjór og vegamót framundan. Í öðru lagi hafi stefnanda orðið á þau mistök að sjá ekki til ferða stefnda, fyrr en í þann mund sem bifreiðarnar voru að mætast. Athygli stefnanda hafi því verið mjög sljó. Honum hafi átt að vera í lófa lagið að sjá til ferða stefnda með nægum fyrirvara og verið þá hægur kostur fyrir hann að biða vestan megin ræsisins, eða a. m. k. á veginum. Af þessu gáleysi stefnanda hafi svo leitt þriðju mistök hans, þau að honum gafst ekkert ráðrúm til að stöðva bifreið sína, og raunar sjáist þess ekki merki, að hann hafi reynt það.

Stefndu mótmæla því, að bifreið stefnanda hafi verið stöðvuð, þegar áreksturinn varð. Enn fremur er því mótmælt, að bilun í bifreið stefnda Ingibjörns hafi á nokkurn hátt komið að sök við áreksturinn.

Ljóst sé því, að báðum bifreiðarstjórunum hafi orðið á mistök að því leyti, að athygli þeirra var ekki nægilega vökul. Til þess megi rekja áreksturinn. Þar með sé sök stefnda Ingibjörns tæmd. Hins vegar komi til viðbótar sök stefnanda, hin alvarlegu mistök hans, sem áður eru reifuð.

Samkvæmt vettvangsupprætti varð umræddur árekstur nærri gatnamótum Hörgárbrautar, eða u. þ. b. 9 metrum frá þeim, og

er staðsetning bifreiðar stefnanda u. þ. b. á miðjum veginum. Útsýn til beggja veganna er á þessum stað hindrunarlaus, og hefur dómurinn sannreynt það við vettvangsskoðun. Á þeim stað, sem áreksturinn varð, liggur ræsi skáhallt yfir veginn og veldur því, að traudla geta bifreiðar mæst, um leið og yfir ræsið er ekið.

Á árekstrarstað skýrir stefnandi lögreglu svo frá, að hann hafi ekið bifreiðinni austur „heimreiðina“, en ekki vita um hraða hennar, en álíta, að hann hafi ekki verið mikill. Kvaðst hann ekki hafa séð til ferða A 2356, fyrr en rétt áður en áreksturinn varð. Hafi hann þá hemlað, en það hafi verið of seint.

Daginn eftir mætti stefnandi hjá lögreglu og skýrði þá svo frá, að er hann nálgast gatnamótin, hafi hann séð hvíta fólksbifreið koma norðan Hörgárbraut. Hafi hann hægt ferðina og stöðvað til að bíða eftir bifreið þessari. Einnig hafi hann séð bifreiðina A 2356 koma sunnan Hörgárbraut og stöðva við biðskyldumerkið heim að Sunnuhvoli og hafi bifreiðin, sem að norðan kom, ekið aftan við A 2356. Síðan hafi A 2356 ekið af stað aftur og framan á bifreið stefnanda. Þá kvaðst stefnandi ekki hafa tekið eftir bifreiðinni A 2356, fyrr en hún var stöðvuð við biðskyldumerkið, og geti hann því ekki sagt um, á hvaða hraða hún var.

Fyrir dómi staðfesti stefnandi framangreint, og sagði lögregluna hafa ranglega eftir sér, að hann hefði ekki séð til ferða A 2356, fyrr en rétt áður en áreksturinn varð. Þá ítrekaði stefnandi, að hann hefði verið búinn að stöðva bifreið sína, er áreksturinn varð, hann hefði stöðvað hana nokkurn spöl frá gatnamótunum, meðan hann beið eftir að komast inn á Hörgárbraut. Hefði hann stöðvað þar vegna þess, að útsýni sé þar betra yfir Hörgárbrautina heldur en ef ekið er nær henni. Stefnandi kvaðst ekki hafa verið farinn að aka af stað aftur, er áreksturinn varð.

Bróðir stefnanda, Sigursveinn Magnússon, var farþegi í bifreið hans, og mætti hann hjá lögreglu til skýrslugjafar þann 3. október 1972.

Skýrði vitnið svo frá, að stefnandi hefði ekið hægt austur veginn áleiðis að Hörgárbraut og hafi stefnandi verið að bíða eftir því, að sú bifreið æki fram hjá.

Kveðst vitnið hafa séð bifreiðina A 2356 koma sunnan Hörgárbraut og ekkert verið athugavert við akstur hennar. Þegar hún hafi komið að vegamótunum, hafi hún sveigt inn á veginn að Sunnuhvoli. Þegar þetta hafi gerst, hafi bifreið stefnanda verið stödd á ræsi, sem er í gegnum veginn nokkrum metrum frá aðalveginum og sé vegurinn mjóstur þar.

Þegar stefnandi hafi séð bifreiðina A 2356 sveigja inn á veginn, hafi hann stöðvað og engum togum skipt, að A 2356 ók framan á bifreið þeirra.

Vitnið tók fram, að það teldi hraða stefnanda hafa verið of lítinn til að koma bifreiðinni suður á kantinn austan við ræsið, áður en A 2356 kom.

Vitnið hefur staðfest framangreinda skýrslu fyrir dóminum og skýrði þá svo frá, að stefnandi hefði ekki stansað, fyrr en A 2356 sveigði inn á veginn, en það hefði gerst í sömu mund og bifreið sú, sem kom norðan Hörgárbraut, ók fram hjá vegamótunum.

Stefndi Ingibjörn skýrir svo frá fyrir lögreglu daginn eftir áreksturinn, að hann hafi ekið fremur hægt norður Hörgárbraut, eða á um 35 km hraða miðað við klukkustund. Skömmu áður en hann kom að vegamótunum að Sunnuhvoli, hafi hann litið upp eftir veginum og enga umferð séð þar. Hins vegar hafi hann séð bifreið koma á móti norðan Hörgárbraut. Kveðst stefndi hafa sveigt framan við þá bifreið og vestur á hinn ónefnda veg. Þegar bifreið hans var komin í stefnu eftir þeim vegi, hafi hann allt í einu séð bifreiðina A 3569 rétt fyrir framan bifreið sína.

Kveðst hann þá strax hafa hemlað, en ekki tekist að stöðva og bifreiðarnar rekist saman.

Bifreiðin A 3569 hafi ekki verið stöðvuð, er áreksturinn varð, en ógerlegt hafi verið að aka fram hjá henni, þar sem hún var meira á vinstri vegarhelmingi en þeim hægri.

Stefndi hefur staðfest skýrslu sína fyrir dóminum og þá jafnframt skýrt svo frá, að bifreið hans hafi verið í fullkomnu lagi fyrir áreksturinn.

Á árekstrarstað skýrði stefndi lögreglu mjög á sama veg frá atvikum og að framan greinir.

Farþegi í bifreið stefnda Ingibjörns var María Stefánsdóttir, eiginkona stefnda, og mætti hún sem vitni hjá lögreglu þann 1. nóvember 1972.

Skýrði vitnið svo frá, að stefndi hefði ekki stöðvað, áður en hann beygði inn á hinn ónefnda veg, heldur hefði hann hægt ferðina. Kveðst vitnið ekki hafa séð til ferða A 3569 fyrr en rétt fyrir áreksturinn. Þá hafi sú bifreið ekki verið á mikilli ferð. Kvað vitnið báðar bifreiðarnar hafa verið á ferð, þegar áreksturinn varð.

Eins og áður er sagt, var útsýni stefnda Ingibjörns mjög gott vestur eftir vegi þeim, er stefnandi ók. Verður að telja, að stefndi Ingibjörn hafi sýnt mikið aðgæsluleysi, er hann ók af aðalbraut-

inni inn á hinn ónefnda veg án þess að gefa gaum að umferð um þann veg. Verður að telja þetta gáleysi stefnda Ingibjörns meginorsök árekstrar þess, er varð.

Með hliðsjón af framburði stefnda Ingibjörns svo og vitnanna Sigursveins Magnússonar og Maríu Stefánsdóttur verður að telja, að bifreið stefnanda hafi verið á ferð, a. m. k. alveg til þeirrar stundar, er áreksturinn varð. Þá er og framburður stefnanda fyrir lögreglu á árekstrarstað að öðru leyti í besta samræmi við aðstæður allar og atvik, og ber að leggja hann til grundvallar í máli þessu, þrátt fyrir að stefnandi hafi síðar breytt honum í veigamiklum atriðum.

Eins og áður er rakið, var stefnandi að nálgast vegamót og ætlaði að aka inn á aðalbraut. Honum bar að fylgjast náið með umferð um aðalbrautina, ekki síst þeirri umferð, sem kynni að beinast inn á veg þann, er hann var á, og haga akstri sínum þannig í nánd við vegamótin, að bifreiðar, sem af aðalbrautinni kæmu, ættu greiða leið fram hjá bifreið hans. Hvorugs þessa gætti stefnandi samkvæmt eigin framburði strax eftir áreksturinn, og þykir hann því einnig eiga nokkra sök á árekstrinum.

Þykir hæfilegt að skipta sök þannig, að stefnandi beri 1/3 hluta sakar, en stefndi Ingibjörn 2/3 hluta.

Ber samkvæmt framanskráðu að dæma stefndu til að greiða stefnanda 2/3 hluta tjóns hans.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi endanlega þannig:	
Viðgerðarkostnaður samkvæmt reikningi	kr. 62.702.00
Málning samkvæmt reikningi	— 4.500.00
Bætur fyrir afnotamissi	— 15.000.00

Samtals kr. 82.202.00

Framangreindri fjárhæð og sundurliðun á tjóni stefnanda hefur ekki verið andmælt af hálfu stefndu, og ber að leggja hana til grundvallar í málinu.

Ber því samkvæmt framanskráðu að dæma stefndu til að greiða stefnanda in solidum kr. 54.802.00 (2/3 hluta af kr. 82.202.00) ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilegur kr. 21.000.00.

Dómur:

Stefndu, Ingibjörn Steingrímsson og Samvinnutryggingar
g/t, greiði stefnanda, Júlíusi Friðriki Magnússyni, in solidum

kr. 54.802.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 5. júlí 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 21.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. desember 1974.

Nr. 94/1974: Íslenski verðlistinn s/f
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Elisabetu Clausen
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. maí 1974. Krefst hann þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem málið fjallar um. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, varð áfrýjandi eigandi húsnæðisins og tók við rétti leigusala hinn 1. janúar 1973. Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi lýst því, að allt árið 1973 hafi leigan verið kr. 7.600.00 á mánuði og ekkert breyst þrátt fyrir hækkunir á vísitölu framfærslukostnaðar á árinu. Hafi stefnda greitt þessa leigu án athugasemda. Leiga sú, sem hann krefji fyrir árið 1974, sé miðuð við þessa mánaðarleigu að viðbætti 25% hækkun. Hafi sú hækkun verið heimiluð með tilkynningu verðlagsstjóra 21. febrúar